

# FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

BARNAVERNDARNEFNDAR  
REYKJANESBÆJAR 2006 - 2010



## Markmið Reykjanesbæjar í barnaverndarstarfi

Reykjanesbær trúir því að það sé sameiginlegt hlutverk okkar sem hér búum að stuðla að hamingju og heilbrigði einstaklinganna, að þeir nái að þroska hæfileika sína, hafi sterka sjálfsmynd og láti drauma sína rætast. Í hamingjuhugtakinu er fólgið að sérhver einstaklingur skynji framtíð sína opna, bjarta og áhugaverða. Þetta vill bærinn gera með því að skapa einstaklingum umhverfi sem styður við andlega, líkamlega og félagslega velferð sem og að skapa einstaklingum og fyrirtækjum jákvæðar aðstæður til vaxtar og velgengni. Við setjum markið á að fjölbreytni og gæði þjónustu sé á við það besta sem býðst í nútímasamfélagi og að verkefni okkar, sem miða að þessu, séu unnin á hagkvæman hátt. Í framtíðarsýn Reykjanesbæjar er á þessu kjörtímabili lögð sérstök áhersla á stykingu á þjónustu barnaverndar (Úr framtíðarsýn Reykjanesbæjar, stefna og framkvæmd 2006-2010).

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var 1989 er reynt að tryggja full mannréttindi til allra barna og unglunga. Öll börn eiga sama rétt til að lifa. Þau eiga rétt á að alast upp í friði og öryggi og virðingu fyrir hugsunum sínum og skoðunum. Velferð barnanna á alltaf að sitja í fyrirrúmi.

Börn eiga rétt á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi og gegn vanrækslu. Barnaverndarstarf verður markvisst að beinast að því að tryggja þessi grundvallar mannréttindi barna. Efla þarf foreldra og styrkja þá til að takast á við uppeldishlutverk sitt og barnaverndarstarf þarf að miða að því að tryggja börnum eðlilegan uppvöxt og þroska. Markmið barnaverndarstarfs í Reykjanesbæ er að bæta aðbúnað og líðan barna. Haft verður að leiðarljósi að þjóna sem best börnum og fjölskyldum þeirra.

## Uppbygging barnaverndarstarfs

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar hefur ætíð lagt ríka áherslu á að vinna jákvætt barnaverndarstarf og hefur sú áhersla aukist hin síðustu ár. Hugtakið jákvæð barnavernd miðar að því að leiðbeina og aðstoða foreldra með áherslu á fræðslu, samvinnu og samstarf. Barnaverndarstarfsmenn sinna tvenns konar hlutverki í störfum sínum eins og sjá má í skýrslu starfshóps um skilgreiningu á hugtakinu barnaverndarmál sem gefin var út 2004 (Guðrún Kristinsdóttir, 2004). Þar er gerður greinarmunur á barnaverndarstarfi og barnaverndarmálum. Þar segir að barnaverndarstarf beinist að heilum hópum, stofnunum eða félagsheildum, t.d. leitarstarf eða starf á heimilum fyrir börn og unglunga. Barnaverndarmál vísi aftur á móti öðru fremur til málefna einnar fjölskyldu eða eins einstaklings sem fær aðstoð eða höfð eru afskipti af

með vísan til barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sem oft er beitt samhliða.

Í barnaverndarstarfi er lögð áhersla á forvarnir og góða samvinnu við þær stofnanir sem tengjast börnum og unglíngum. Starfsmenn nefndarinnar heimsækja tvisvar sinnum á ári alla leikskóla sveitarfélagsins, stýra samráðsfundum Samtaka-Hópsins sem er þverfaglegur forvarnarhópur í málefnum unglínga og taka að sér margskonar fræðslustarf í formi námskeiða, fyrirlestra og ráðstefnuhalds. Starfsmenn barnaverndar koma að gerð áætlunar í fíkniefnaforvörnum í Reykjanesbæ í samstarfi við lögreglu, heilbrigðisstofnun, fræðsluskrifstofu o.fl. Starfsmenn barnaverndarnefndar líta svo á að hér sé um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða, sem skili sér í því að foreldrar og stofnanir sem þjónusta börn hafa í ríkari mæli leitað til starfsmanna barnaverndarnefndar eftir þjónustu.

Barnaverndarstarfsmenn vilja áfram leggja áherslu á fyrirbyggjandi starf sem skilar sér í betri líðan fjölskyldna í Reykjanesbæ. Mikið samstarf er við helstu stofnanir sem starfa með börnum í samfélaginu og er mikilvægt að áfram sé hægt að efla þá samvinnu.

Þau barnaverndarmál sem barnaverndarnefnd fjallar um eru afar ólík og krefjast mismikillar vinnu. Við skráningu og flokkun tilkynninga er unnið út frá skilgreiningar- og flokkunarkerfi SOF. Lögð er áhersla á að sníða úrræði í barnaverndarmálunum að þörf hverju sinni.

Í samstarfi við forráðamenn er áhersla lögð á teymisvinnu og þverfaglegt samstarf við þær stofnanir sem koma að málefnum barna þeirra.

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar gerir markvissa starfsáætlun ár hvert þar sem fyrirhuguð verkefni eru skilgreind.

Barnaverndarstarf er hluti af þeirri áætlun og unnið í samræmi við aðra félagsþjónustu sveitarfélagsins.

### **Starfsmannapörf**

Álag á barnaverndarstarfsmenn hefur aukist mikið s.l. ár og með stækkandi sveitarfélagi mun það álag væntanlega halda áfram að aukast. Nú eru um 50 barnaverndarmál skráð á hvern barnaverndarstarfsmann og er ljóst að sá fjöldi mála á hvern starfsmann er algjörlega óviðunandi og kemur fyrst og síðast niður á vinnslu mála þeirra barna og fjölskyldna sem í hlut eiga.

Barnaverndartilkynningum hefur fjölgað mjög um allt land s.l. ár og í máli forstjóra Barnaverndarstofu í fjölmíðlum nú síðustu daga koma fram ábendingar til sveitarfélaga um mikilvægi þess að barnaverndarstarfsmönnum verði fjölgað til samræmis við það.

Þau mál sem barnaverndarnefnd fjallar um eru afar ólík og krefjast mismikillar vinnu. Í handbók Barnaverndarstofu segir að með hliðsjón af

Þeirri þekkingu sem til er um barnaverndarstarf í landinu og þeim upplýsingum sem nefndirnar sjálfar birta í ársskýrslum verði að meta það sem svo að almennt sé ekki hægt að ætlast til að starfsmaður sinni meira en 25-35 málum á hverjum tíma. Þá er það undirstrikað að hér eru eingöngu um leiðbeinandi tölur að ræða og ljóst að eitt þungt barnaverndarmál getur krafist fullrar vinnu eins starfsmanns um tíma þannig að ekki gefst tóm til að vinna í öðrum málum á meðan.

Í árslok 2007 var fjöldi mála á hvern barnaverndarstarfsmann milli 60 og 70 mál. Barnaverndarstarfsmenn líta svo á að nauðsynlegt er að vanda vel til verka við könnun máls og gerð áætlunar til að góð samvinna náist og stuðla þannig að betri líðan barna og fjölskyldna. Erfitt er að framkvæma þetta miðað við það vinnuálag sem barnaverndarstarfsmenn búa við.

Í Reykjanesbæ voru fjögur stöðugildi í barnavernd en vegna álags hafa bæjaryfirvöld samþykkt viðbótarstöðugildi frá og með janúar 2008.

Mikilvægt er að barnaverndarstarfsmenn séu virkir í endurmenntun, sæki námskeið og ráðstefnur bæði hér heima og erlendis. Barnaverndarstarfsmenn þurfa einnig að hafa svigrúm til að miðla sérfræðiþekkingu sinni til almennings og samstarfsaðila.

## **Helsti vandi barna í Reykjanesbæ**

Helsti vandi barna í Reykjanesbæ er vanræksla varðandi umsjón og eftirlit. Í því felst að foreldri veitir barni ekki nauðsynlega umsjón og eftirlit og því getur öryggi barns og velferð verið í hættu. Þetta á við þegar barnið hefur ekki líkamlega, andlega, vitsmunalega eða tilfinningalega burði til að vernda sig sjálft í aðstæðunum.

Mikilvægir þættir eins og samvera foreldra og barna, samskipti nemenda og kennara, líðan barna í skóla, hæfileg hvíld, næring og hreyfing hafa mikil áhrif á líðan og heilsu barna. Reykjanesbær hefur gert þjónustusamning við Rannsókn og greiningu um árlegar kannanir til að greina hagi og líðan barna í sveitarfélaginu. Niðurstöður þeirra kannanna benda til að hlúa þurfi betur að stuðningi við foreldra og börn í sveitarfélaginu.

Uppbygging barnaverndarstarfs í Reykjanesbæ tekur mið af þessum niðurstöðum og mun gera það á því tímabili sem framkvæmdaáætlunin nær til.

## **Stuðningsúrræði**

Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar beitir stuðningsúrræðum skv. 24. gr. með ráðgjöf, stuðningi, meðferð, tilsjón, persónulegum ráðgjöfum og

stuðningsfjölskyldum og 25. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 varðandi fóstur og vistanir barna utan heimilis og hefur tiltæk neyðarheimili skv. 84. gr. sömu laga.

Barnaverndarnefnd beitir auk þess öðrum stuðningi:

- vinnustaðasamningum og áhuga- og færnimiðuðu námi
- sáttamiðlun
- stuðningi fyrir og eftir skóla
- hópastarf og námskeið fyrir börn og foreldra
- einkakennari í uppeldi er stuðningur við foreldra til að yfirfæra heim þá þekkingu sem þau öðlast á SOS-uppeldisnámskeiði

### **Áætlun um ný stuðningsúrræði, kostnaður og forgangsroðun verkefna**

- Áfram verður lögð áhersla á að efla foreldrafærni og er það í samræmi við nýlega aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um sama efni.
- Í undirbúningi er að bjóða nýbökudum foreldrum upp á námskeiðið *Barnið boðið velkomið* (Bringing baby home). Starfsmaður hefur öðlast réttindi til kennslu námskeiðsins og áætlað er að innleiða námskeiðið fyrir árslok 2010.
- "*Áfram ábyrg*" áhrif skilnaðar á börn og leiðir til úrbóta, er samvinnuverkefni Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar og Keflavíkurkirkju og er stuðningur við fráskilda foreldra og börn þeirra. Áfram verður unnið að þróun og uppbyggingu verkefnisins. Áætlað er að bjóða uppá námskeið fyrir börn fráskilinna foreldra veturinn 2008-2009. Fræðslukvöld fyrir foreldra hófust haustið 2007 og verða haldin eftir þörfum.
- Barnaverndarstarfsmenn munu kynna sér á árinu 2008 verkefnið 12-ways sem felur í sér alhliða stuðning við foreldra. Lagt verður mat á hvort verkefnið verði sett á laggirnar.
- Barnaverndarstarfsmenn munu taka sérstaklega mið af börnum er hafa ekki íslensku að móðurmáli. Það verður gert með virkri samvinnu við þá aðila sem vinna að málefnum nýbúa í sveitarfélaginu s.s. kennsluráðgjafa, verkefnisstjóra, skóla, o.fl. Lögð verður áhersla á að auðvelda börnunum aðlögun að íslensku samfélagi. Barnaverndarstarfsmenn munu á árinu hafa 2008 frumkvæði að því að kalla saman samstarfshóp um málefni ofangreindra barna.
- Haldið verður áfram að bjóða upp á fræðsluefnið "Verndum þau" sem farið var af stað með veturinn 2007-2008. Námskefnið er ætlað starfsmönnum stofnana og félagasamtaka sem vinna með börnum og ungmennum og er byggt á bók Ólafar Ástu Farestveit og Þorbjargar Sveinsdóttur.

- Stuðningsúrræðið "Fyrir og eftir skóla" sem er úrræði fyrir börn þar sem m.a. skólasókn er áfátt og félags- og námsleg staða er slæm, verður þróað enn frekar. Útfærsla úrræðisins verði fullmótuð haustið 2010.
- Í samræmi við stefnumarkandi áætlun Félagsmálaráðuneytisins og Barnaverndarstofu 2006-2010 verður lögð áhersla á þátttöku og samvinnu við Barnaverndarstofu um gerð gæðastaðla vegna eftirlits með vistunum barna utan heimilis.
- Áfram verður unnið í samvinnu við Barnaverndarstofu að því að samræma betur túlkun og mat á ýmsum þáttum skilgreiningar og flokkunarkerfis í barnavernd.
- Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar er tilbúin til samstarfs við Barnaverndarstofu um innleiðingu fjölþátta meðferðar MST og rannsóknar- og þróunarverkefna sem ætlað er að efla barnaverndarstarf á landsvísu.

Barnaverndarstarfsmenn leggja áherslu á að greina árlega þörfina fyrir stuðningúrræði sem verður metin samkvæmt niðurstöðum kannana á hverjum tíma og vísbendinga sem fram koma í starfi barnaverndarstarfsmanna.

Það er stefna barnaverndar að mæla árangur allra nýrra verkefna með beitingu viðurkenndra rannsóknaraðferða.

Þar sem helsti vandi barna í Reykjanesbæ er vanræksla foreldra varðandi umsjón og eftirlit barna sinna setur barnavernd Reykjanesbæjar þau verkefni er stuðla að aukinni foreldrahæfni í forgang.

Reykjanesbær stendur straum af kostnaði við barnaverndarstarfið en jafnframt verður sótt um styrki s.s. í forvarnarsjóð fyrir nýsköpunarverkefni.

### **Eftirlit með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna**

Barnaverndarstarfsmenn leggja áherslu á eftirlit með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna með samvinnu við skóla, leikskóla, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og aðrar stofnanir og félagasamtök sem vinna með börnum og ungmennum. Starfsmenn fara í alla skóla og leikskóla á reglulega fundi tvisvar á ári. Auk þess er náið samstarf við skóla/leikskóla og fræðsluskrifstofu í málefnum einstakra barna.

Fræðsla barnaverndarstarfsmanna til starfsfólks ofangreindra stofnana og samtaka er liður í að auka færni og öryggi þeirra við að greina aðbúnað og uppeldisskilyrði barnanna. Markmiðið er að stuðla að sem bestum aðstæðum barna og ungmenna.

Neyðarnúmer 112 er auglýst í staðarblaði Reykjanesbæjar til að vekja athygli almennings á tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar og auðvelda þeim um leið aðgang að starfsmönnum barnaverndarnefndar.

### **Lokaorð**

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang og gefa skal börnum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Tryggja skal börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Barnaverndarstarfsmenn Reykjanesbæjar vinna samkvæmt

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa að leiðarljósi að öll börn skuli eiga sama rétt og engin mismunun má eiga sér stað. Börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og eiga kröfu um að sjónarmið þeirra séu virt í samræmi við aldur þeirra og þroska.